

25.4.2017

Til Fjárlaganefndar

Ég þakka það boð sem mér barst fyrir stundu um að gera athugasemdir við þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-222, 402. mál.

Þar sem rétt rúmur sólarhringur er til stefnu og greinargerð málsins telur hátt í fjögurhundruð blaðsíður kýs ég að gera aðeins tvær athugasemdir:

1. Undir lið 4.3 – Fjármál ríkisins, útgjaldaáætlun á bls. 64 í greinargerðinni, kemur fram að „framlög til opinberrar þróunarsamvinnu nemi 0,26% af vergum þjóðartekjum á hverju ári á tímabilinu.“

Í ljósi þess að Ísland hefur stutt markmið Sameinuðu þjóðanna í áráraðir um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum í þróunarsamvinnu verður að segja að umrædd markmið um 0,26% eru allt of lág og lýsa ákveðinni sjálfsselsku þjóðar sem hefur nóg til alls.

2. Þá er rétt að gera athugasemd við þá aðferðafræði að taka hluta þess fjár sem ætlað er til þróunarsamvinnu og nýta hér á landi við móttöku flóttamanna og hælisleitenda. Þróunarsamvinna annars vegar og móttaka flóttamanna og hælisleitenda hins vegar ættu ekki að vera undir saman hatti og allra síst ef það felur í sér að klípa af þróunarlöndunum það sem þau ættu að fá samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda.

Virðingarfyllst

Ragnar Schram

Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri

SOS Barnabörpin á Íslandi

Hamraborg 1

200 Kópavogur

Sími. 564 2910

GSM. 695 1891

ragnar@sos.is

www.sos.is

www.sos-childrensvillages.org